

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

121. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 1. júní kl. 15:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá;

1. Viðræður við skólastjóra leikskóla.

- Breytingar á opnunartíma.
- Skóladagatal 2011-2012.
- Barnið í brennidepli. Matskerfi fyrir leikskóla.
- Grænfánaverkefni.
- Þróunarverkefni.
- Stoðþjónusta.

2. Viðræður við skólastjóra grunnskóla.

- Skólavogin matskerfi fyrir grunnskóla.
- Breytingar á stafsmannahaldi.
- Seinkun skólabíla.
- SMT/PMT
- Stoðþjónusta.

3. Önnur mál.

- Kjarasamningsgerð.
- Samkomulag um skipan tónlistarnáms.
- Starfsmannamál tónlistarskóla.

Afgreiðslur:

1. Viðræður við skólastjóra leikskóla.

- Breytingar á opnunartíma. Leikskólastjóri kynnti tillögu sem hún mun kynna byggðarráði um styttingu á opnunartíma leikskólans. Tillagan er sú að opnunartíminn verði stytur um hálf klukkustund pr. dag þannig að Leikskólanum Ásgarði verði lokað kl. 16:30 í stað kl. 17:00. Fram kom í máli leikskólastjóra að málið hafi verið kynnt fyrir foreldrum þeirra barna er nýtt hafa þjónustuna og í foreldraráði. Umræddir aðilar gerðu ekki athugasemdir við tillöguna. Fræðsluráð lýsir yfir stuðningi við tillögu leikskólastjóra.
- Skóladagatal 2011-2012. Leikskólastjóri greindi frá því að engin breyting væri á skóladagtalinu frá þeim drögum sem áður höfðu verið kynnt í fræðsluráði. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- Barnið í brennidepli. Matskerfi fyrir leikskóla. Kynningarfundur er fyrirhugaður fyrir stjórnendur leikskóla á svæðinu þann 6. júní nk.
- Grænfánaverkefni. Leikskólastjóri tilkynnti að leikskólinn hafi fengið staðfestingu á árangri þátttöku sinnar í Grænfána verkefninu sem er sérstakt umhverfisverkefni skólastofnana í landinu. Leikskólinn Ásgarður mun því flagga Grænfánum með stolti og mikilli gleði þann 23. júní nk. á sumarhátíð leikskólans. Fræðsluráð óskar nemendum og starfsfólki til hamingju með árangurinn.
- Þróunarverkefni. Leikskólastjóri kynnti að Leikskólinn Ásgarður hafi fengið kr. 1.400.000-styrk úr Sprotasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að framkvæma sérstakt þróunarverkefni sem hefur það meginmarkmið að

endurskipuleggja innra starf leikskólans og leikumhverfi barnanna með það fyrir augum að auka gæði frjálsa leiksins. Auk þess er markmiðið að finna leiðir til að nýta betur leikrými og leikefnivið skólans. Einnig er markmiðið að efla starfsfólk og dýpka þekkingu þeirra á flæði og hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi sem fjallar um jákvæða sálfræði. Fræðsluráð lýsir yfir mikilli ánægju með starf stjórnenda og starfsfólks vegna þessa.

- Stoðþjónusta. Leikskólastjóri gerði grein fyrir tillögu sem hún mun kynna byggðarráði um heimild til að ráða starfsmann í 50% starf í stoðþjónustu. Fræðsluráð styður tillögu leikskólastjóra.

2. Viðræður við skólastjóra grunnskóla.

- Skólavogin matskerfi fyrir grunnskóla. Formaður kynnti að fyrirhuguðum kynningarfundum hafi verið frestað til hausts.
- Breytingar á stafsmanahaldi. Skólastjóri kynnti að Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir, Þorbjörg Valdimarsdóttir og Ingibjörg R. Helgadóttir færu í tímabundið leyfi næsta skólaár. Þá greindi skólastjóri frá því að Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir hafi verið ráðin í starf kennara næsta skólaár. Um tímabundið hlutastarf er að ræða. Gert er ráð fyrir að starfshlutfall stuðningsfulltrúa dragist saman um 30-50% á næsta skólaári v/ skipulagsbreytinga.
- Seinkun skólabíla. Skólastjóri greindi frá skoðun sinni á möguleikum þess að samræma ferðir skólabíla og skipulag íþrótt- og tómstundastarfs. Fyrirhugað er að senda út viðhorfskönnun til foreldra og forráðamanna barna í dreifbýli vegna þessa á næstu dögum. Fræðsluráð fagnar því að mál þetta sé skoðað.
- Skólastjóri kynnti samstarf Húnavatnssýslna á SMT/PMT sem er færniþjálfun vegna hegðunarvandamála. Skólastjóri kynnti aukna áherslu á byrjendalæsi og endurmenntun kennara á því sviði.

3. Önnur mál.

- Formaður vakti athygli á fréttum á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem varða nýja kjarasamninga kennara og samningi á milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.
- Daníel Geir Sigurðsson hefur sagt upp störfum við tónlistarskólann vegna náms erlendis. Auglýst verður eftir kennara við skólann.

Valdimar Gunnlaugsson og Skúli Þórðarson viku af fundi kl. 16:00.

Ragnheiður Sveinsdóttir Kristín Ólöf Þórarinsdóttir sátu fundinn af hálfu starfsmanna grunnskólans.

Ína Björk Ársælsdóttir sat fundinn sem fulltrúi foreldraráðs.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:30

Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.),
Borghildur Haraldsdóttir (sign.),

Gísli G. Magnússon(sign.),
Rakel Runólfsson(dóttir)(sign.),